

Október 2022

**Minnisblað fræðslu- og menningarsviðs á stöðu
frístunda- og tómstundastarfs fyrir 6 – 9 ára börn í
Garðabæ**



Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| Inngangur | 2 |
| Starfstími frístundaheimila í Garðabæ | 3 |
| Húsnæði | 4 |
| Frístundaheimili | 4 |
| Starfsmenn | 4 |
| Frístundaheimilið Garðahraun | 5 |
| Frístundabíllinn | 5 |
| Tómstundir og framboð sumarið 2022 | 6 |
| Sumarstarf barna með sérþarfir | 9 |
| Að auka fagmennsku og gæði frístundaheimila | 10 |
| Veikleikar og ógnanir | 11 |
| Sviðsmyndir | 11 |
| Kostnaðaráætlun við opnun frístundar í Ásgarði og/eða Miðgarði | 12 |
| Samantekt | 12 |

Inngangur

Frístundaheimili starfa við alla grunnskólana í Garðabæ þar sem yngri börn eru við nám í 1.- 4. bekk. Rekin eru 6 frístundaheimili, þ.e. 5 fyrir börn á aldrinum 6 – 9 ára og eitt frístundaheimili fyrir börn með sérþarfir í 5.-10. bekk. Starfstími frístundaheimilanna er á starfstíma grunnskólanna og helst í hendur við skóladagatal líkt og lög gera ráð fyrir. Aðsetur frístundaheimilanna er í húsnæði grunnskólanna en frístundaheimilið Garðahraun sem er fyrir nemendur með sérþarfir hefur heimastöð í gamla hátíðarsal Álftanesskóla í íþróttamiðstöðinni við Breiðumýri.

Alþingi samþykkti 16. júní 2016 lög um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008 á þann hátt að á eftir 33. gr laganna kemur ný grein, 33.gr.a um frístundaheimili, sem orðast svo:

„Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálstan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.

Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.

Á frístundaheimilum gilda almenn ákvæði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um öryggi og velferð barna, réttindi og skyldur, tilkynningarskyldu og ráðningarbann á grundvelli sakavottorðs.

Ráðuneytið gefur út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.

Sveitarfélög geta ákveðið að reka ekki frístundaheimili ef gildar ástæður eru fyrir hendi, t.d. staðbundnar aðstæður. Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kærarlegar samkvæmt fyrir mælum 47. gr.“

Á fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 18. ágúst sl. var samþykkt tillaga Sjálfstæðisflokksins um úttekt á stöðu frístunda- og tómsundastarfs fyrir börn á grunnskólaaldri í Garðabæ.

Úr fundargerð bæjarstjórnar:

„Bæjarstjórn samþykkir að fela fræðslu- og menningarsviði að gera úttekt á stöðu frístunda- og tómsundastarfs fyrir börn á grunnskólaaldri í Garðabæ. Úttektin nái annars vegar yfir starf frístundaheimila grunnskóla og tengda starfsemi og hins vegar yfir framboð sumarnámskeiða fyrir börn á grunnskólaaldri. Í úttektinni skal frístunda- og tómsundastarf fyrir þennan aldurshóp sem er í boði innan Garðabæjar kortlagt með hliðsjón af þörfum barna og fjölskyldna, faglegum kröfum og hverjir veita þjónustuna. Áhersla skal lögð á börn á yngsta stigi grunnskóla og þjónustu á þessu sviði við fötluð börn. Markmið úttektarinnar er að kalla fram gögn sem styðja við frekari ákvörðunartöku varðandi framþróun frístunda- og tómsundastarfs þannig að það mæti þörfum barna á ýmsum aldri og auki stöðugleika í starfi. Að auki er fræðslu- og menningarsviði falið að koma með ábendingar um hvar þörf er á aukinni eða betri þjónustu og hvernig unnt er að mæta því.“

Greinargerð: Í Garðabæ eru starfrækt frístundaheimili við grunnskóla sem þjóna mjög mikilvægu hlutverki við að veita börnum á yngsta stigi verkefni og viðfangsefni við hæfi eftir að skólatíma lýkur. Yfir sumartímann er boðið upp á fjölbreytta flóru námskeiða fyrir börn. Þessi námskeið eru aðallega haldin af frjálsum félögum í bænum með stuðningi frá sveitarfélaginu. Mikilvægt er að þróa ofangreint starf áfram þannig að vetrarstarfið henti vel fyrir einstaka aldurshópa og sé eftirsótt af þeim. Fyrir liggur að börn í 3. og 4. bekk eru síður líkleg til að skrá sig á frístundaheimilin og skoða þarf hvort tilefni er til viðbragða við því. Skoða þarf námskeiðsframboð að sumri með það fyrir augum að meta hvort framboð sé nægt, námskeið séu fjölbreytt og að þau dekki sumarleyfistíma barnanna. Þá þarf að skoða hvernig hægt er að mæta þörfum barna og fjölskyldna í Garðabæ betur með frístundastarfi í þeirra nærsamfélagi. Úttektarvinnan er nauðsynleg forvinna þess að skoðað verði að Garðabær auki stuðning við frjálsu félögin þegar kemur að frístundastarfi barna á sumrin þannig að framboð á þjónustu verði fjölbreyttara og mæti sem allra best þörfum barnafjölskyldna. Að sama skapi þarf að skoða hvernig hægt er að bæta frístundastarf barna eftir skólatíma t.d. með aukinni samvinnu við frjáls félög.

Björg Fenger, bæjarfulltrúi og formaður bæjarráðs.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi og forseti bæjarstjórnar

Í meðfylgjandi minnisblaði er lögð áhersla á að skoða stöðu frístundaheimila, frístundabíls, tómskundastarfs, þarfir fjölskyldna og þjónusta við fötluð börn. Í lokin eru settar fram tillögur að úrbótum. Við vinnslu minnisblaðsins var óskað gagna hjá félögum innan bæjarins. Svör bárust frá Stjórnunni, Ungmennafélagi Álftaness, Skátafélaginu Vífli og GKG en ekki frá öðrum aðilum. Starfsemi þessara aðila nær til þorra íbúa bæjarins.

Minnisblaðið er unnið af sviðsstjóra fræðslu- og menningar sviðs, grunn- og tónlistarskólafulltrúa og íþróttá-, tómskunda- og forvarnarfulltrúa.

Starfstími frístundaheimila í Garðabæ

Í Garðabæ eru starfrækt 5. frístundaheimili, þ.e. Álftamýri í Álftanesskóla, Krakkakot í Flataskóla, Regnboginn í Hofstaðaskóla, Urriðakot í Urriðaholtsskóla og Sælukot í Sjálandsskóla sem einnig sinnir nemendum Alþjóðaskólans. Frístundaheimilin eru fyrir börn á aldrinum 6-9 ára eða fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Meginhlutverk frístundaheimilanna í Garðabæ er að bjóða börnum innihaldsríkt frístunda- og tómskundastarf í barnvænu, öruggu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.

Tímabil starfsemi frístundaheimila í Garðabæ helst í hendur við skólalagatal hvers árs. Skólaárið 2022 -2023 var fyrsti starfsdagur frístundaheimilanna í bænum, 24. ágúst en síðasti dagur starfseminnar verður 6. júní 2023. Starfið hefst degi eftir skólaopningardag og lýkur degi fyrir skólaslitadag ár hvert. Nemendur í 1. bekk sem eru að hefja nám í grunnskóla stendur til boða að vera í frístund 5 – 6 virka daga fyrir skólaopningu. Fjöldi daga er ákveðinn í samráði við leikskólana og fer eftir því hvenær nemendum er gert að hætta í leikskóla þar sem þau eru að hefja nám í grunnskóla. Daglegur opnunartími er frá því að nemendur á yngsta stigi skólans hafa lokið skóladeginum og eru opin til kl. 17:00. Á starfstíma skólanna eru frístundaheimilin opin alla daga nema rauða daga og einn skipulagsdag, þ.e. Menntadaginn í Garðabæ. Heimilin eru því opin alla aðra daga, þ.e., skipulagsdaga aðra en Menntadaginn, á milli jóla- og nýárs, í vetrarleyfi og í páskaleyfi.

Allir nemendur sem skráðir eru fyrir 15. júní ár hvert fá staðfesta vistun á umbeðnu frístundaheimili að hausti. Umsóknir sem berast eftir 15. júní eru afgreiddar með tilliti til starfsmannahalds hverju sinni. Það hefur reynst áskorun að manna frístundaheimilin haustið 2022 og myndaðist nokkur biðlisti vegna skráninga sem gerðar voru í ágúst. Yngstu nemendurnir voru teknir fyrst inn af biðlistum en í kringum 12. september 2022 voru allir nemendur komnir með staðfesta vistun á skólaárinu 2022 -2023.

Í töflu 1. sjáum við fjölda skólabarna í hverjum árgangi skipt niður á skóla. Samanborið við fjöldatölur í frístundaheimilum má sjá að nánast öll börn í 1. og 2. bekk nýta sér frístundaheimili viðkomandi skóla. Heldur dregur úr þátttöku í 3. bekk og minnkar verulega í 4. bekk.


Tafla 1. Fjöldi barna í 1. til 4. bekk í skipt niður á skóla í Garðabæ 20.10.2022

| Staðan í október 2022 | | | | | | | | | | | | | |
|-----------------------|------------------|------------|---------------|---------------|--------------|---------------|-------------------|----------------|---|----------------|--------------------------------------|---|-----|
| Bekkir | Urriðaholtsskóli | Flataskóli | Hofstaðaskóli | Sjálandsskóli | Garðabaskóli | Álftanesskóli | Samtals GB skólar | Alþjóðaskólinn | Alþjóðaskólinn - þar af nem. m/þögnheimili í GB | Hjálparstefnan | Þar af nemendur m/þögn. Utan sventar | Samtals sjálfsstærtaðir leiknir grunnskólar | |
| 1.b. | 54 | 30 | 65 | 23 | | 33 | 205 | 5 | 1 | 23 | 3 | 28 | 233 |
| 2.b. | 42 | 42 | 50 | 26 | | 35 | 195 | 10 | 3 | 24 | 1 | 34 | |
| 3.b. | 35 | 46 | 75 | 26 | | 41 | 223 | 7 | 3 | 28 | 1 | 35 | |
| 4.b. | 27 | 49 | 77 | 27 | | 36 | 216 | 6 | 1 | 18 | 3 | 24 | |

Hér fyrir neðan má sjá heildarmeðaltalsfjölda barna í 1.-4. bekk eftir frístundaheimilum (sjá töflu 2) og hlutfall skráðra nemenda í frístund eftir skólum (sjá mynd 1).

Tafla 2. Fjöldi barna í 1.-4. bekk sem skráð eru í frístund haustið 2022

| Heimili | 1.bekkur | 2.bekkur | 3.bekkur | 4.bekkur | Alls |
|--|----------|----------|----------|----------|------------|
| Álftamýri Álftanesskóla | 33 | 34 | 36 | 9 | 112 |
| Krakkakot Flataskóla | 30 | 39 | 34 | 3 | 106 |
| Regnboginn Hofstaðaskóla | 64 | 45 | 62 | 23 | 194 |
| Urriðakot | 52 | 38 | 32 | 18 | 140 |
| Sælukot Sjólandsskóla | 24 | 30 | 24 | 13 | 91 |
| Heildarfjöldi barna í frístund í GB | | | | | 643 |



Mynd 1. Hlutfall skráðra nemenda í 1.-4. bekk í frístund eftir grunnskólum

Húsnæði og aðstaða

Húsnæði og aðstaða barna s.s. útivistarsvæði til frístundarstarfs er stór þáttur í að þróa gott og framsækið frístundastarf. Húsnæði og aðra aðstöðu þarf að hanna með starfið að leiðarljósi en hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt frístundastarf þegar skóladegi nemenda í 1. - 4. bekk lýkur.

Frístundaheimili

Í grunnskólum sem hafa yngsta stig þarf að vera góð aðstaða fyrir frístundaheimili. Mikilvægt er að börnin hafi rými í notalegu umhverfi þar sem þau geta notið sín í leik og starfi. Æskilegt er að húsnæðið bjóði upp á möguleika til að vera með fjölbreytta hópa þar sem börnin fá tækifæri til að þroska félagslega færni í gegnum leik og starf. Þá er boðið upp í fjölbreytt starf þar sem þau fá tækifæri til að þroska félagslega færni. Æskilegt er að frístundaheimilið hafi eitt sérrými fyrir 1. og 2. bekk og annað sérrými fyrir 3. og 4. bekk. Auk þess er mikilvægt að hægt sé að hafa sérstakt rými fyrir nemendur með sérþarfir sem ráða ekki við að vera í stórum hópi. Nálægð við íþrótt- og útivistarsvæði er kostur. Frístundaaðstaða í grunnskólum Garðabæjar er almennt ekki hönnuð með starfseminu í huga en mikilvægt er að gera úttekt á húsnæði frístundaheimilanna.

Starfsmenn

Á öllum frístundaheimilum starfa umsjónarmenn frístundaheimila í 100% starfshlutfalli. Gerð er krafa um að þeir hafi stúdentspróf og að þeir hafi lokið háskólamenntun sem nýtist í starfi. Aðrir starfsmenn eru ráðnir í hlutastarf en fullt starf í frístundaheimili, út frá opnunartíma og að teknu tilliti til styttingar dagvinnu er 51,38% starfshlutfall. Stuðningsfulltrúar grunnskólanna sem ráða sig einnig í frístundaheimilin eru ýmist ráðnir í eitt skólaár í senn eða fastráðnir. Gert er ráð fyrir 15 börnum á hvern starfsmann fyrir utan umsjónarmann en hann hefur ekki reiknað barngildi. Börn sem þurfa stuðning á skólatíma fá hann einnig í frístund. Í Regnboganum í Hofstaðaskóla er starfandi aðstoðarumsjónarmaður vegna fjölda barna. Heildarfjöldi starfsmanna frístundaheimila eru 47 starfsmenn í mismunandi stöðugildum. Almennt er mikil starfsmannavelta á frístundaheimilum á milli skólaára og erfiðlega gekk að manna starfið fyrir yfirstandandi skólaár. Nauðsynlegt er að gera úttekt á mönnunarþörf frístundaheimila.

Endurmenntun starfsfólks frístundaheimila hefur farið fram á Menntadegi grunnskólanna. Starfsmenn hafa þá farið á skyndihjálparnámskeið og sótt málstofur eftir hádegi. Umsjónarmenn frístundaheimila hafa kallað eftir því að bæta við skipulagsdegi.

Frístundaheimilið Garðahraun

Garðahraun er sértækt frístunda- og félagsmiðstöðvaúrræði fyrir börn með fötlun í 5.-10.bekk í Garðabæ. Börnunum hefur með tímanum fjölgað og eru í dag 13, að auki er eitt barn (í 7.bekk) sem tekur þátt í starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Elítunnar og fær stuðning frá starfsmanni Garðahrauns. Garðahraun er til húsa í gamla hátíðarsal Álftanesskóla, á efstu hæð í íþróttamiðstöðinni við Breiðumýri. Í Garðahrauni starfa stuðningsfulltrúar og einn forstöðumaður í fullu starfi sem einnig heldur utan um skipulagningu sumarstarfs barna og ungmenna með fötlun í Garðabæ.

Meginhlutverk Garðahrauns er að bjóða börnum með sérþarfir sem stunda nám í grunnskólum Garðabæjar eða eiga lögheimili í Garðabæ, upp á fjölbreytt og skapandi tómsundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur, til klukkan 17:00. Markmið frístundarinnar er að bjóða börnunum sem þar dvelja öruggt athvarf og skipulagðar tómsundir við hæfi hvers og eins. Lögð er áhersla á virðingu fyrir einstaklingnum, fagleg vinnubrögð, jákvæð samskipti og foreldrasamstarf. Í Garðahrauni er leitað leiða til þess að efla sjálfstæði og félagsfærni barnanna. Ein leið er samstarf við félagsmiðstöðvar Garðabæjar, þar sem stuðningsfulltrúi Garðahrauns veitir unglingi stuðning á viðburði félagsmiðstöðvar í viðkomandi grunnskóla. Með þessum hætti er unnið að því að styrkja félagsnet unglunga í þeirra grunnskólum.

Garðahraun var stofnað árið 2019 og var fyrst til húsa í Garðaskóla. Vegna fjölgunar nemenda í Garðaskóla var starfsemin færð út á Álftanes haustið 2021. Gott samstarf er við félagsmiðstöðina Elítuna nemendur Garðahrauns hafa aðgang að íþróttahúsinu og aðstöðu skólans eins og hentar hverju sinni. Aðstaðan er mjög góð en forráðamönnum hefur þótt starfsemin langt frá öðrum skólum og nemendur eru háðir ferðapjónustu fatlaðra til að komast til og frá Garðahrauni.

Tafla 3. Heildarmeðaltalsfjöldi barna í Garðahraun – fyrir börn með sérþarfir

| Heimili | 5.bekkur | 6.bekkur | 7.bekkur | 8.bekkur | 9.bekkur | 10.bekkur | Samtals |
|-------------------------|----------|----------|----------|----------|----------|-----------|---------|
| Garðahraun 5.-10.bekkur | 2 | 6 | 1 | 2 | 1 | 1 | 13 |

Frístundabíllinn

Frístundabíllinn í Garðabæ hefur það hlutverk að keyra börn frá frístundaheimilum grunnskóla í íþrótt- og tómsundastarf. Megintilgangur þessarar þjónustu er að minnka umferð einkabíla við skólana (öryggismál og umhverfismál) og þjónusta foreldra ungra barna sem annars þurfa að fara úr vinnu til að keyra þau í tómsundir.

Til að börn geti nýtt sér frístundabíllinn er nauðsynlegt að skrá þau í bíllinn. Hvort sem barnið er í frístundaheimili eða ekki þarf að skrá það í frístundabíllinn í gegnum Völu frístund við upphaf annar. Velja þarf hvar barnið tekur bíllinn, tíma dags og hvert það er að fara. Kostnaður fyrir haustönn 2022 er 8.000 kr. og er greiðslukrafa send út í byrjun október. Í janúar þarf að staðfesta að skráningartímar fyrir vorönn séu réttir og verður greiðslukrafa fyrir vorönnina send út í byrjun febrúar.

Frístundabíllinn ekur á starfstíma skólanna alla virka daga frá, kl. 14:15 – 17:00, frá 29. ágúst til 19. desember á haustönn og frá 2. janúar til og með 7. júní á vorönn, með hléi í páskafríinu. Frístundabíllinn ekur í vetrarfríi skóla í febrúar sem og á starfsdögum skóla í Garðabæ. Akstur frístundabílsins var boðinn út í vorið 2022 og miðað var við þrjár akstursleiðir.

Leið 1: Tveir bílar aka eina ferð fram og til baka frá Mýrinni til Barnaskóla Hjallastefnunnar með viðkomu í Tónlistarskóla Garðabæjar (TG), Ásgarði, Barnaskóla Hjallastefnunnar og Miðgarði og á hverjum 45 mínútum. Fyrsta ferð dagsins er frá Mýrinni kl. 14:15, næsta 14:40 og síðasta ferð frá Mýrinni er kl. 16:30.

Leið 2: Bíllinn hefur akstur við Urriðaholtsskóla kl. 14:05, kemur við í Barnaskóla Hjallastefnunnar á leið í Ásgarði í fyrstu ferð (v/fimleika) og stoppar í Ásgarði og TG. Bíllinn fer í Mýrina og Miðgarð eftir þörfum barnanna v/ knattspyrnu, handbolta og sundæfinga.

Leið 3: Bíll fer frá Álftanesi með börn í frístundir fjórum sinnum á dag, fyrsti bíll fer kl. 14:10. Bíllinn stoppar í Sjálandsskóla og heldur svo áfram í Ásgarð og Miðgarð með stoppum í TG og Mýrinni eftir þörfum.

Vegna mikils fjölda barna og álags í ferðaþjónustunni náðist ekki að aðlaga aksturinn fyllilega fyrir en í lok september þegar hægt var að fá inn stærri bíla og fjölga um einn bíl á akstursleið 1. Að jafnaði er miðað við að börnin séu sótt af foreldrum á æfingar en þau sem þess óska geta tekið næsta bíl sem fer aftur í þeirra skólahverfi. Vegna stopulla strætóferða út á Álftanes hefur frístundabíllinn ekið börnum aftur út á nesið eftir æfingar í Miðgarði.

Tafla 4. Notendur frístundabílsins eftir vikudögum og tómsund

| Heiti | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur | Alls |
|-----------------|------------|-------------|--------------|-------------|------------|------------|
| Aðrar tómsundir | 6 | 15 | 4 | 3 | 1 | 29 |
| Dans | 3 | 0 | 3 | 0 | 0 | 6 |
| Fimleikar | 55 | 103 | 65 | 79 | 65 | 367 |
| Fótbolti | 115 | 9 | 66 | 109 | 86 | 385 |
| Golf | 0 | 4 | 2 | 7 | 0 | 13 |
| Handbolti | 7 | 13 | 15 | 17 | 6 | 58 |
| Körfubolti | 1 | 29 | 14 | 10 | 13 | 67 |
| Sund | 4 | 4 | 1 | 2 | 5 | 16 |
| Alls | 191 | 177 | 170 | 227 | 176 | 941 |

Tafla 5. Notendur frístundabílsins eftir félagi

| Heiti | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur | Alls |
|------------------|------------|-------------|--------------|-------------|------------|------------|
| Annað félag | 7 | 9 | 6 | 0 | 0 | 22 |
| GKG | 0 | 4 | 2 | 7 | 0 | 13 |
| Stjarnan | 182 | 155 | 148 | 202 | 158 | 845 |
| Tónlistarskólinn | 2 | 6 | 1 | 3 | 1 | 13 |
| UMFÁ | 0 | 3 | 13 | 15 | 17 | 48 |
| Alls | 191 | 177 | 170 | 227 | 176 | 941 |

Tafla 6. Notendur frístundabílsins eftir staðsetningu

| Heiti | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur | Alls |
|-------------------------|------------|-------------|--------------|-------------|------------|------------|
| Ásgarður | 63 | 130 | 83 | 90 | 80 | 446 |
| GKG útiæfingar | 0 | 4 | 2 | 7 | 0 | 13 |
| Miðgarður | 112 | 9 | 64 | 108 | 84 | 377 |
| Mýrin | 10 | 19 | 17 | 19 | 11 | 76 |
| Tónlistarskólinn/Klífið | 2 | 6 | 1 | 3 | 1 | 13 |
| Önnur staðsetning | 4 | 9 | 3 | 0 | 0 | 16 |
| Alls | 191 | 177 | 170 | 227 | 176 | 941 |

Tómsundir og framboð fyrir 6-9 ára börn - sumarið 2022

Hér er samantekt þátttöku í sumarnámskeiðum nokkurra félaga í Garðabæ sem eru með námskeið í boði fyrir 6 til 9 ára börn. Haft var samband við félögin með tölvupósti en svör bárust ekki frá öllum. Þær upplýsingar sem hér eru ná þó að sýna gott yfirlit yfir tilboðin sem börnin og foreldrar höfðu úr að velja. Í töflu 17 má sjá heildarframboð námskeiða sem voru í boði sumarið 2022.

Flest námskeið fyrir þennan aldur eru á vegum deilda innan Stjórnunnar. Rúmlega eitt þúsund skráningar eru innan Stjórnunnar (tafla 14) á námskeiðum sem samtals ná yfir allar vikur sumarleyfis grunnskóla. Stærstu deildirnar (tafla 8, 9, 11, 12 og 13) og íþróttaskóli Stjórnunnar eru ekki með samfellt starf og bjóða ekki upp á heilsdags námskeið. Sunddeild Stjórnunnar er einnig með námskeið á Álftanesi (tafla 13).

Skátafélagið Vífill var með námskeið fyrir 7 til 9 ára (tafla 7) sem náðu yfir tímabilið frá 13. júní til 12. ágúst með hléi í tvær síðustu vikur júlí mánaðar. GKG (tafla 15) var með golfleikjanámskeið sitt á

Hofsstaðavelli í sumar fyrir börn úr Garðabæ og Kópavogi. Í töflu 15 sjáum við þátttöku barna úr Garðabæ á námskeiðum GKG.

Ungmennafélag Álftaness (tafla 16) er langstærst í því hverfi en félagið var með fjögur fótboltnámskeið frá 13. júní til 8. júlí og eitt námskeið í ágúst. Að auki eru starfandi golfklúbbur GÁ, hestamannafélagið Sóti og skátafélagið Svanir sem bjóða námskeið í Álftaneshverfinu.

Tafla 7. Þátttaka barna á sumarnámskeiðum á vegum skátafélagsins Vífils

| Sumarnámskeið Vífils 2022 | Tímabil | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | Samtals |
|---------------------------|-----------------------|------|------|------|------|------------|
| Ævintýranámskeið 1 | 13.-16. júní 2022 | 0 | 8 | 16 | 6 | 30 |
| Smiðanámskeið 1 | 13.-16. júní 2022 | 0 | 6 | 16 | 8 | 30 |
| Ævintýranámskeið 2 | 20.-24. júní 2022 | 0 | 11 | 27 | 1 | 39 |
| Smiðanámskeið 2 | 20.-24. júní 2022 | 0 | 17 | 13 | 1 | 31 |
| Ævintýranámskeið 3 | 27. júní-1. júlí 2022 | 0 | 9 | 16 | 6 | 31 |
| Smiðanámskeið 3 | 27.júní-1.júlí 2022 | 0 | 3 | 25 | 7 | 35 |
| Ævintýranámskeið 4 | 4.-8. júlí 2022 | 0 | 11 | 14 | 7 | 32 |
| Smiðanámskeið 4 | 4.-8. júlí 2022 | 0 | 7 | 13 | 4 | 24 |
| Ævintýranámskeið 5 | 11.-15. júlí 2022 | 0 | 7 | 5 | 2 | 14 |
| Smiðanámskeið 5 | 11.-15. júlí 2022 | 0 | 9 | 10 | 10 | 29 |
| Ævintýranámskeið 6 | 2.-5. ágúst 2022 | 0 | 5 | 8 | 2 | 15 |
| Smiðanámskeið 6 | 2.-5. ágúst 2022 | 0 | 7 | 3 | 6 | 16 |
| Ævintýranámskeið 7 | 8.-12. ágúst 2022 | 0 | 19 | 12 | 4 | 35 |
| | | | | | | 361 |

Tafla 8. Þátttaka barna á sumarnámskeiðum fimleikadeildar Stjórnunnar 2022

| Fimleikadeild Stjórnunnar Heiti og tímabil | Fæðingarár | | | | Alls |
|---|------------|------|------|------|------|
| | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | |
| Fimleikaskóli Vika 1: 13 - 16 júní kl. 9:00-12:00 | 3 | 10 | 24 | 2 | 39 |
| Fimleikaskóli Vika 2: 20 - 24 júní kl. 9:00-12:00 | 4 | 15 | 17 | 3 | 39 |
| Fimleikaskóli Vika 3: 27 - 1 júlí kl. 9:00-12:00 | 3 | 14 | 19 | 1 | 37 |
| Fimleikaskóli Vika 4: 4 - 8 júlí kl. 9:00-12:00 | 5 | 6 | 5 | 2 | 18 |
| Fimleikaskóli Vika 5: 11 - 15 júlí kl. 9:00-12:00 | 2 | 3 | 6 | 2 | 13 |
| Fimleikaskóli Vika 5: 11-15 júlí kl: 13:00-15:00 | 0 | 0 | 3 | 3 | 6 |
| Fimleikaskóli Vika 6: 2 - 5 ágúst kl. 9:00-12:00 | 2 | 3 | 13 | 12 | 30 |
| Fimleikaskóli Vika 7: 8 - 12 ágúst kl. 9:00-12:00 | 4 | 7 | 16 | 15 | 42 |
| Áhaldafimleikar e (2012-2013) 4-8 júlí kl 9,30-12,00 | 13 | 0 | 0 | 0 | 13 |
| Áhaldafimleikar y (2015-2014) 4-8 júlí kl 1300-15,00 | 0 | 5 | 1 | 0 | 6 |
| Hópfimleikanámskeið y (2012-2014) 4-8 júlí kl 13:00-15:00 | 11 | 2 | 0 | 0 | 13 |
| Strákatrampólín 27 - 1 júlí kl 13:30-15:00 | 13 | 0 | 0 | 0 | 13 |
| Strákatrampólín: 2-5 ágúst kl 13:30-15:00 | 2 | 3 | 0 | 0 | 5 |
| Strákatrampólín: 8-12 ágúst kl 13:30-15:00 | 5 | 3 | 0 | 0 | 8 |
| Strákatrampólín: 15.-18. ágúst kl 13:00-14:30 | 3 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| | 70 | 71 | 104 | 40 | 285 |

Tafla 9. Þátttaka barna á sumarnámskeiðum knattspyrnudeildar Stjórnunnar 2022

| Knattspyrnskóli Stjórnunnar Heiti og tímabil | Fæðingarár | | | | Alls |
|---|------------|------|------|------|------|
| | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | |
| Vika 1: 13 - 16 júní kl. 9:00-12:00 | 18 | 22 | 16 | 1 | 57 |
| Vika 2: 20 - 24 júní kl. 9:00-12:00 | 10 | 7 | 5 | 3 | 25 |
| Vika 3: 27 - 1. júlí kl. 9:00-12:00 | 14 | 4 | 10 | 2 | 30 |
| Vika 4: 4 - 8 júlí kl. 9:00-12:00 | 16 | 12 | 12 | 4 | 44 |
| Vika 5: 11 - 15 júlí kl. 9:00-12:00 | 6 | 5 | 5 | 4 | 20 |
| Vika 6: 2 - 5 ágúst kl. 9:00-12:00 | 8 | 3 | 7 | 4 | 22 |
| Vika 7: 8 - 12 ágúst kl. 9:00-12:00 | 5 | 7 | 3 | 8 | 23 |
| | 77 | 60 | 58 | 26 | 221 |

Tafla 10. Þátttaka barna á sumarnámskeiðum handboltadeildar Stjórnunnar 2022

| Handboltaskóli Stjórnunnar Heiti og tímabil | Fæðingarár | | | | Alls |
|--|------------|------|------|------|------|
| | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | |
| Vika 1: 13-16 júní kl. 9:00-12:00 | 0 | 3 | 6 | 0 | 9 |
| Vika 2: 20-24 júní kl. 9:00-12:00 | 4 | 7 | 9 | 0 | 20 |
| Vika 3: 27-1 júlí kl. 9:00-12:00 | 0 | 6 | 3 | 0 | 9 |
| Vika 4: 4-8 júlí kl. 9:00-12:00 | 2 | 7 | 0 | 1 | 10 |
| Vika 5: 11-15 júlí kl. 9:00-12:00 | 1 | 0 | 2 | 1 | 4 |
| Vika 6: 2-5 ágúst kl. 9:00-12:00 | 2 | 2 | 0 | 0 | 4 |
| Vika 7: 8-12 ágúst kl. 9:00-12:00 | 2 | 6 | 9 | 3 | 20 |
| | 11 | 31 | 29 | 5 | 76 |

Tafla 11. Þátttaka barna á sumarnámskeiðum körfuboltadeildar Stjórnunnar 2022

| Körfuboltaskóli Stjórnunnar | Fæðingarár | | | | Alls |
|------------------------------------|------------|------|------|------|------|
| | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | |
| Heiti og tímabil | | | | | |
| Vika 1: 13-16 júní kl. 9:00-12:00 | 4 | 8 | 6 | 0 | 18 |
| Vika 2: 20-24 júní kl. 9:00-12:00 | 3 | 3 | 8 | 0 | 14 |
| Vika 3: 27-01. júlí kl. 9:00-12:00 | 10 | 6 | 7 | 1 | 24 |
| Vika 4: 4-8 júlí kl. 9:00-12:00 | 5 | 3 | 10 | 1 | 19 |
| Vika 5: 11-15 júlí kl. 9:00-12:00 | 4 | 7 | 8 | 4 | 23 |
| Vika 6: 2-5 ágúst kl. 9:00-12:00 | 2 | 6 | 1 | 1 | 10 |
| Vika 7: 8-12 ágúst kl. 9:00-12:00 | 5 | 7 | 9 | 3 | 24 |
| | 33 | 40 | 49 | 10 | 132 |

Tafla 12. Þátttaka barna á sumarnámskeiðum íþróttaskóla Stjórnunnar 2022

| Íþróttaskóli Stjórnunnar - Ásgarði | Fæðingarár | | | | Alls |
|-------------------------------------|------------|------|------|------|------|
| | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | |
| Heiti og tímabil | | | | | |
| Vika 1: 13 - 16 júní kl 12.30-16.00 | 3 | 12 | 25 | 0 | 40 |
| Vika 2: 20 - 24 júní kl 12.30-16.00 | 0 | 12 | 18 | 1 | 31 |
| Vika 3: 27 - 1 júlí kl 12.30-16.00 | 4 | 9 | 13 | 1 | 27 |
| Vika 4: 4 - 8 júlí kl 12.30-16.00 | 0 | 7 | 10 | 0 | 17 |
| Vika 5: 11 - 15 júlí kl 12.30-16.00 | 0 | 6 | 10 | 0 | 16 |
| Vika 6: 2 - 5 ágúst kl 12.30-16.00 | 0 | 3 | 3 | 6 | 12 |
| Vika 7: 8 - 12 ágúst kl 12.30-16.00 | 2 | 9 | 10 | 6 | 27 |
| | 9 | 58 | 89 | 14 | 170 |

Tafla 13. Þátttaka barna á sumarnámskeiðum sunddeildar Stjórnunnar 2022

| Sundnámskeið Stjórnunnar | Fæðingarár | | | | Alls |
|--|------------|------|------|------|------|
| | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | |
| Heiti og tímabil | | | | | |
| Álftanes námskeið 1: 13. - 24. júní | | | 3 | 17 | 20 |
| Álftanes námskeið nr. 2: 27. júní - 8. júlí | | | | 8 | 8 |
| Álftanes námskeið 3: 11.-22. júlí | 5 | 1 | 2 | 3 | 11 |
| Álftanes námskeið 4: 25. - 29. júlí | 1 | | | 1 | 2 |
| FÉLL niður - Álftanes námskeið 4: 25. - 29. júlí | -1 | | | -1 | -2 |
| Ásgarður námskeið 1: 13. - 24. júní | 3 | 0 | 3 | 17 | 23 |
| Ásgarður námskeið nr. 2: 27. júní - 8. júlí | 2 | 1 | 0 | 3 | 6 |
| Ásgarður námskeið 3: 11.-22. júlí | 0 | 3 | 3 | 3 | 9 |
| Ásgarður námskeið 4: 25. - 29. júlí | 2 | 2 | 3 | 6 | 13 |
| Ásgarður námskeið 5: 8. - 12. ágúst | 3 | 5 | 5 | 6 | 19 |
| Ásgarður námskeið 6: 15. - 19. ágúst | 6 | 6 | 7 | 1 | 20 |
| | 21 | 18 | 26 | 64 | 129 |

Tafla 14. Heildarþátttaka barna á sumarnámskeiðum á vegum Stjórnunnar sumarið 2022

| Námskeið Stjórnunnar sumarið 2022 | Fæðingarár | | | | Alls |
|-----------------------------------|------------|------|------|------|------|
| | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | |
| Heiti og Tímabil | | | | | |
| Vika 1: 13-16 júní | 28 | 55 | 80 | 20 | 183 |
| Vika 2: 20-24 júní | 24 | 44 | 60 | 24 | 152 |
| Vika 3: 27-1 júlí | 31 | 39 | 52 | 5 | 127 |
| Vika 4: 4-8 júlí | 54 | 43 | 38 | 19 | 154 |
| Vika 5: 11-15 júlí | 16 | 19 | 30 | 15 | 80 |
| Sundnámskeið 11.-22. júlí | 0 | 3 | 3 | 3 | 9 |
| Sundnámskeið 25.-29. júlí | 2 | 2 | 3 | 6 | 13 |
| Vika 6: 2-5 ágúst | 31 | 25 | 30 | 23 | 109 |
| Vika 7: 8-12 ágúst | 26 | 44 | 52 | 41 | 163 |
| Vika 8: 15. - 19. ágúst | 9 | 6 | 7 | 1 | 23 |
| | 221 | 280 | 355 | 157 | 1013 |

Tafla 15. Fjöldi barna úr Garðabæ á Golfleikjanámskeiði GKG sem voru haldin á Hofsstaðavelli sumarið 2022

| Golfleikjanámskeið GKG | Fæðingarár | | | | | | | | | |
|-------------------------------------|------------------|----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|----------|------------|------|
| | Heiti og tímabil | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | Alls |
| Vika 1 fyrir hádegi (13.06.-16.06.) | 0 | 0 | 0 | 4 | 5 | 13 | 0 | 0 | 0 | 22 |
| Vika 1 eftir hádegi (13.06.-16.06.) | 0 | 0 | 0 | 2 | 4 | 4 | 0 | 0 | 0 | 10 |
| Vika 2 fyrir hádegi (27.06.-01.07.) | 0 | 0 | 0 | 1 | 7 | 7 | 0 | 0 | 0 | 15 |
| Vika 2 eftir hádegi (27.06.-01.07.) | 1 | 0 | 4 | 2 | 6 | 3 | 2 | 0 | 0 | 18 |
| Vika 3 fyrir hádegi (11.07.-14.07.) | 0 | 1 | 2 | 1 | 2 | 4 | 1 | 0 | 0 | 11 |
| Vika 3 eftir hádegi (11.07.-14.07.) | 1 | 2 | 1 | 1 | 4 | 0 | 1 | 0 | 0 | 10 |
| Vika 4 fyrir hádegi (18.07.-22.07.) | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 3 |
| Vika 4 eftir hádegi (18.07.-22.07.) | 0 | 0 | 1 | 1 | 2 | 3 | 1 | 0 | 0 | 8 |
| Vika 5 fyrir hádegi (25.07.-29.07.) | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 5 |
| Vika 5 eftir hádegi (25.07.-29.07.) | 1 | 0 | 0 | 2 | 0 | 3 | 1 | 1 | 1 | 8 |
| Vika 6 fyrir hádegi (08.08.-11.08.) | 0 | 0 | 1 | 5 | 1 | 4 | 1 | 0 | 0 | 12 |
| Vika 6 eftir hádegi (08.08.-11.08.) | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 4 |
| Vika 7 fyrir hádegi (15.08.-19.08.) | 0 | 0 | 1 | 6 | 6 | 10 | 0 | 0 | 0 | 23 |
| Vika 7 eftir hádegi (15.08.-19.08.) | 0 | 4 | 0 | 2 | 7 | 3 | 0 | 1 | 1 | 17 |
| Samtals | 4 | 7 | 11 | 28 | 46 | 58 | 10 | 2 | 166 | |

Tafla 16. Heildarþátttaka barna á sumarnámskeiðum á vegum UMFÁ sumarið 2022

| Sumarnámskeið UMFÁ 2022 | Tímabil | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | Samtals |
|-----------------------------------|---------------|------------|------|------|------|---------|
| Fótboltaskóli námskeið 1 | 13.06 - 17.06 | 5 | 6 | 13 | 5 | 29 |
| Fótboltaskóli námskeið 2 | 20.06 - 24.06 | 2 | 1 | 6 | 0 | 9 |
| Fótboltaskóli námskeið 3 | 27.06 - 01.07 | 0 | 4 | 7 | 5 | 16 |
| Fótboltaskóli námskeið 4 | 04.07 - 08.07 | 3 | 10 | 13 | 4 | 30 |
| Fótboltaskóli námskeið 5 | 08.08 - 12.08 | 2 | 3 | 0 | 5 | 10 |
| Fótboltaskóli námskeið 6 | 15.08 - 19.08 | Féll niður | | | | 94 |
| Körfuboltaskóli yngri ('16 - '11) | Féll niður | | | | | |
| SooBahk'Do námskeið ('16 - 07) | Féll niður | | | | | |

Tafla 17. Fjöldi sumarnámskeiða sem voru í boði sumarið 2022

| Tímabil | Fjöldi sumarnámskeiða í boði 2022 eftir vikum | | | | | | | | | |
|-----------------------|---|----------|----------|----------|-----------|-----------|----------|-----|------|---------|
| | Vífil | Sj. Fiml | Sj. Krsp | Sj. Hand | Sj. Karfa | Sj. Íþesk | Sj. Sund | GKG | UMFÁ | Samtals |
| 13.-16. júní 2022 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 1 | 12 |
| 20.-24. júní 2022 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | | 1 | 10 |
| 27. júní-1. júlí 2022 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | 1 | 12 |
| 4.-8. júlí 2022 | 2 | 5 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | | 1 | 14 |
| 11.-15. júlí 2022 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 2 | | 12 |
| 18.-22. júlí 2022 | | | | | | | 1 | 2 | | 3 |
| 25.-29. júlí 2022 | | | | | | | 1 | 2 | | 3 |
| 2.-5. ágúst 2022 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | | | 1 | 8 |
| 8.-12. ágúst 2022 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | | 9 |
| 15.-19. ágúst 2022 | | 1 | | | | | 1 | 2 | | 4 |

87

Sumarstarf barna með sérþarfir

Þjónusta á sumarnámskeiðum fyrir börn með sérþarfir í 1.- 7. bekk í grunnskólum Garðabæjar er með tvennum hætti. Annars vegar er hægt að óska eftir stuðning á námskeið og hins vegar hefur verið boðið upp á sértæk sumarnámskeið.

Megintilgangur stuðnings á sumarnámskeið er að gera börnum með sérþarfir kleift að sækja þau og efla félagsfærni og sjálfstæði þeirra. Hægt er að óska eftir stuðningi á námskeið sem haldin er í Garðabæ í allt að 7 vikur á 10 vikna tímabili (eftir skólaslit fram í miðjan ágúst). Reynt er eftir fremsta megni að útfæra stuðning þannig að barnið sé með sama stuðningsfulltrúa yfir sumarið sem er barninu innan handar á sumarnámskeiðum.

Sértækum sumarnámskeiðum er ætlað að koma til móts við börn sem ekki finna námskeið við hæfi og þau sem hafa ekki tækifæri að sækja hefðbundin sumarnámskeið, þó að stuðningsfulltrúi sé til staðar.

Markmið sértæka sumarnámskeiðsins er að bjóða upp á einstaklingsmiðaða nálgun þar sem unnið er með styrkleika hvers og eins og komið til móts við ólíkar þarfir.

Sértæku sumarnámskeiðin eru ætluð að koma til móts við börn sem eiga í erfiðleikum með að finna námskeið við hæfi og þeirra sem hafa ekki tök á að sækja hefðbundin sumarnámskeið, jafnvel með stuðningsfulltrúa sér til stuðnings. Markmið sértæka sumarnámskeiðsins er að bjóða upp á einstaklingsmiðaða nálgun og reynt er að vinna með styrkleika hvers og eins og koma til móts við ólíkar þarfir.

Parfir fjölskyldna

Grunnskólar hófu starfsemi sína 23. ágúst en starfsemi frístundaheimila hófst 24. ágúst 2022. Sumarnámskeið/frístund þarf að vera í boði strax eftir skólaslit og í vikunni áður en skóli hefst. Sumarið 2022 var uppselt á nokkur námskeið á vegum frjálsum félagasamtakanna en einnig þurfti að fella niður námskeið vegna ónógrar þátttöku. Nokkrir forráðamenn höfðu samband þar sem ekki var samfella í dagskrá yngstu barnanna, sem mikilvægt er að tryggja. Hjá frjálsum félagasamstökum í bænum var minna framboð af námskeiðum eftir 12. ágúst.

Rétt er að vekja athygli á að nemendur frístundaheimila sem nýta frístundabílinn til að taka þátt í íþróttum eða öðru frístundastarfi eru á eigin vegum frá því að þau yfirgefa bílinn þar til að æfingar hefjast.

Að auka fagmennsku og gæði frístundaheimila

Um nokkurt skeið hafa umsjónarmenn frístundaheimila óskað eftir að fá að ráða aðstoðarumsjónarmenn á frístundaheimilin. Álag á umsjónamenn er töluvert. Frá því að þau voru sett á laggirnar hefur nemendum fjölgað ár frá ári auk þess hefur umfang starfseminnar aukist m.a. vegna flókinna nemendamála. Þá er mikilvægt að hafa staðgengil umsjónarmanns ef hann forfallast, auk þess sem það má leiða líkum að því að fagmennska aukist þar sem gerðar eru menntunarkröfur til aðstoðarmanna umsjónarmanns frístundaheimila. Ráða þarf starfsfólk í heilsársráðningar og bjóða starfsmönnum upp á sumarvinnu sem nær yfir lengri tíma en nú er gert.

Mikilvægt er að bæta við skipulagsdegi hjá starfsfólk frístundaheimila vegna endurmenntunar. Það eru einkum þrjár áskoranir sem starfsfólk frístundaheimila mætir. Í fyrsta lagi álag og andrúmsloft sem skapast við að koma nemendum á réttum tíma í frístundabílinn. Í öðru lagi mikill fjöldi nemenda í ólíkum aldurshópi og flókin nemendavandi. Í þriðja lagi húsnæðismál frístundaheimila. Til bóta væri að bjóða nemendum í 3.- 4. bekk í aldurstengda frístund. Með því fækkum við börnum í hverri frístund og gæðin verða meiri. Vert er að skoða að opna frístund í Ásgarði og í Miðgarði til að taka á móti yngstu börnunum fyrir æfingar eða nemendum í 3. og 4. bekk. Með því er hægt að fækka ferðum frístundabílsins, auka gæði starfsins í frístundaheimilum og tryggja að tekið sé á móti börnum sem koma með frístundabílum auk þess sem þau eru undir eftirliti fram að því að þau mæta á æfingu.

Við teljum að hreyfipjálfun yngstu barnanna (1. og 2. bekk) fari fram nær þeirra skóla, í göngufæri, svo sem með fjölþættri þjálfun í stað þess að aka þeim í sérhæfð mannvirki, s.s. Miðgarð eða Ásgarð. Æfingatímar sem hefjast strax að loknum skóla verði þannig skipulagðar sem fjölþætt hreyfipjálfun en ekki sérstök íþróttæfing í tiltekinni íþróttagrein. Vísir að þessu eru íþróttaskóli barna, boltaskóli, ævintýranámskeið o.fl. þess háttar. Þjálfarar í þess konar hreyfipjálfun væru með menntun á því sviði sambærilegt íþróttakennurum.

Börnum í 3. og 4. bekk þarf að standa til boða að stunda valgreinar í íþróttum til að kynnast sem flestum íþróttagreinum. Hjá þessum aldri er fjölbærni mikilvægur þáttur í hreyfipjálfuninni en einnig að fá að vera í íþrótt sem hugurinn stendur til. Valgreinakerfi skipt á tímabil þar sem þrjár íþróttir eru í boði á hverju tímabili skapa möguleika á að ná þessu. Fjöldi æfingastunda er þá stýrt þannig að börnin fái hreyfingu og álag sem þeim er hollt. Taka þarf með í reikninginn möguleikann á því að vera hluti af liði

eða sem einstaklingur í keppni fyrir þennan aldur. Samvinna við íþróttafélögin er þarna lykilatriði til að hafa sem fjölbreyttust tilboð á hverju tímabili.

Frístundin er líka annað og meira en hreyfing og íþróttir. Skapandi starf og tónlist er þar snar þáttur sem börn á þessum aldri þurfa að fá að reyna sig við í frjálsum leik undir leiðsögn tómsundafræðinga.

Bjóða þarf upp á frístund fyrir fötluð börn í 1.- 4.bekk. Nokkur fjöldi barna með sérþarfir eiga erfitt með að vera í fjölmönnum frístundaheimilum.

Skoða þarf opnunartíma frístundaheimila í barnvænu bæjarfélagi. Frístundaheimilin eru opin til kl. 17:00 alla opnunardaga skólaársins. Dæmi eru um nokkur börn sem mæta alla daga skólaársins í frístundaheimilið og nýta allan opnunartíma þess. Brýnt er að skoða hvort það samræmist velferð barna og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Einkum er rétt að skoða það út frá 3. og 31. gr. laganna.

Áskoranir

- Námskeið þurfa að vera í boði fyrir nemendur eftir skólaslit og í vikunni áður en skóli hefst.
- Skoða þarf aukið framboð sumarnámskeiða í samstarfi við frjáls félög eða sumaropnun frístundaheimila (júní og ágúst).
- Ráða þarf aðstoðarumsjónarmenn í frístundaheimilin – mikið álag er á umsjónamenn og mikilvægt að hafa staðgengil og fjölga fagfólki.
- Ráða þarf starfsfólk í heilsársráðningar og bjóða starfsmönnum upp á sumurvinnu sem nær yfir lengri tíma en nú er gert.
- Skoða þarf aldurstengda frístund fyrir nemendur í 3. - 4. bekk.
- Skoða þarf frístund fyrir fötluð börn í 1.- 4. bekk – mörg þeirra ráða ekki við að vera í miklum fjölda.
- Setja þarf annan skipulagsdag til að geta boðið starfsmönnum frístundaheimila endurmenntun.
- Huga þarf að húsnæði m.t.t. starfsemi frístundaheimila.
- Uppselt var á mörg námskeið í sumar.
- Samfella þarf að vera í dagskrá barna.
- Starfsemi frístundaheimilanna snýst of mikið um að koma börnum á réttum tíma í frístundabílinn sem skapar mikið álag.
- Í einhverjum tilfellum eru nemendur á eigin vegum frá því að þau koma úr frístundabílum í íþróttahúsum, það á einkum við Ásgarð og Miðgarð.
- Of mörg börn í 1. og 2. bekk eru að fara með frístundabílum á „safnstaði“ í íþróttum.

Sviðsmyndir

- Bjóða upp á fleiri sumarnámskeið eða opna sumarfrístund fyrir börn á yngsta stigi grunnskóla til að koma til móts við tímenn frá skólalokum í júní og fram til skólabyrjunar í ágúst.
- Bjóða mætti nemendum í 1. og 2. bekk upp á hreyfiþjálfun sem rekin verður í öllum heimaskólum og þannig verður frístundaheimilið að heilstæðum íverustað barnanna. Opna frístundaheimili í Ásgarði og í Miðgarði fyrir nemendur í 3. - 4. bekk sem þeir sækja á æfingadögum. Frístundabíll keyrir með þá nemendur beint eftir skóla. Eftir sem áður verður boðið upp á frístundaheimili fyrir nemendur í 3.- 4. bekk í grunnskólunum en með þessum hætti er hægt að efla faglegt starf.
- Opna mætti frístund í Ásgarði og í Miðgarði. Nemendur sem fara á æfingu í Ásgarði eða í Miðgarði eftir skóla fara með frístundabílum strax eftir að skóladegi þeirra lýkur. Það mun létta verulega á fjölda nemenda í frístundabílum og auka öryggi þeirra. Nemendur verða því undir eftirliti og möguleiki á að nýta æfingatíma fyrr að deginum. Auk þess er það umhverfisvænt og eykur fagmennsku í starfsemi frístundaheimila.
- Það er ástæða til þess að eiga samtál við íþrótt- og félagasamtök í Garðabæ um heilstæðan frístundaskóla fyrir börn í 1. - 2. bekk. Með því færum við þjónustu íþrótt- og tómsundafélaga í nærumhverfi barnanna. Það mun draga úr álagi og þörfum á akstri frístundabílsins.

- Opna mætti sérstaka safnfrístund fyrir nemendur í 3. - 4. bekk miðsvæðis í bænum með það að markmið að fjölga nemendum þessara árganga í frístund. Það gefur möguleika á að auka gæði starfsins fyrir alla aldurshópa.
- Garðahraun frístund fyrir börn með sérþarfir verði heilsársúrræði. Umsjónarmaður frístundaheimilisins hafi einnig umsjón með sumarstarfi/námskeiðum frá skólalokum til skólabyrjunar ár hvert.
- Opna mætti sérstaka frístund fyrir börn í 1. – 4. bekk með sérþarfir.

Kostnaðaráætlun við opnun frístundar í Ásgarði og/eða Miðgarði

Meðaltalskostnaður við rekstur frístundaheimila í Garðabæ er um 21.500.000 kr., á ársgrundvelli. Þá er miðað við heimili með 130 börn. Hvert barn í frístund kostar að jafnaði 167.209 kr.- á skólaári (í 9,5 mánuði). Gera má ráð fyrir stofnkostnaði um 9.000.000.- í búnaðarkaup og aðlögun húsnæðis. Á móti kemur að með því að draga úr ferðum frístundabílsins lækkar kostnaður um 8.000.000.- á hverju ári.

| Kostnaðaráætlun vegna stofnunar frístundaheimilis | |
|---|----------------|
| Áætlaður stofnkostnaður við nýtt frístundaheimili | 9.000.000 kr |
| Meðaltalskostnaður á hvert barn í frístund á ári (9,5 mán) | 167.209 kr |
| Árslaun umsjónarmanns frístundaheimilis | 8.800.000 kr |
| Kostnaður til frádráttar vegna aksturs frístundabíls á hverju ári | - 8.000.000 kr |

Samantekt

Hér hafa verið settar fram sjö mögulegar sviðsmyndir til að mæta helstu áskorunum í tómstunda- og frístundastarfi nemenda í Garðabæ. Helstu áskoranir eru sumarfrístund, húsnæði, frístundabíllinn og mikill fjöldi nemenda í frístund. Þá er tækifæri að mæta nemendum í 3.- 4. bekk með eftirsóknarverðu starfi með það að markmiði að fjölga þátttakendum í frístund.

Með því að gera frístundaheimilin heilstaðan íverustað eftir skóla þar sem þörfum barnanna er fullnægt varðandi hreyfipjálfun er hægt að skapa meiri ró í starfseminni, auka faglega nálgun við börnin, minnka streitu hjá börnum og ekki síst að auka öryggi þeirra. Annar ávinningur er umhverfislegur við minni akstur í nálægð við skólana, samfélagslegur við að halda utan um hvar hvert barn er á hverjum tíma og betri nýting á fjármagni sem annars fer í að aka börnum milli staða í frístundabílum.

Með því að huga að nemendum 3. og 4. bekkjar sérstaklega og þeirra þörfum geta æfingar þeirra verið betur tengdar lokum vinnudags foreldranna. Auðveldara verður að stilla af akstur frístundabíls við þeirra tímatöflu og koma þeim á þá staði sem þarf t.d. í Miðgarð eða Ásgarð. Þeirra frístund setur þá upp valgreina kerfi þar sem fjölbreytt hreyfipjálfun geta verið í boði á tilteknum tímabilum.

Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs
Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi
Kári Jónsson, íþrótta- tómstunda- og forvarnarfulltrúi